

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 138/2016

2018/EES/16/05

frá 8. júlí 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/68 frá 15. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um hemlun ökutækja vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504 frá 11. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar stjórnslukröfur um viðurkenningu á og markaðsefirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 40a (framseld reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „40b. **2015 R 0068**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/68 frá 15. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um hemlun ökutækja vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjútíð. ESB L 17, 23.1.2015, bls. 1).
- 40c. **2015 R 0096**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (Stjútíð. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1).
- 40d. **2015 R 0504**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504 frá 11. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar stjórnslukröfur um viðurkenningu á og markaðsefirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjútíð. ESB L 85, 28.3.2015, bls. 1).“

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 17, 23.1.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 85, 28.3.2015, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2015/68 og (ESB) 2015/96 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/504, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.